


ÁRSSKÝRSLA

FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS



ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1988

ásamt yfirliti um fjölda erlendra ferðamanna
og gjaldeyristekjur

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

FERÐAMÁLARÁÐ ER NÚ ÞANNIG SKIPAÐ:

Án tilnefningar:

Kjartan Lárusson, formaður
Ólafur Steinar Valdimarsson, varaformaður
Konráð Guðmundsson
Erna Aradóttir
Ásberg Sigurðsson

Varafulltrúar:

Sigríður Snævarr
Skúli Þorvaldsson
Úlfar Ágústsson
Haraldur J. Hamar
Sigríður Ingvarsdóttir

Aðrir meðlimir Ferðamálaráðs samkvæmt tilnefningu:

Félag hópferðaleyfishafa:

Skarphéðinn D. Eyþórsson
Guðmundur Kerúlfr (varamaður)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Böðvar Valgeirsson
Íslaug Aðalsteinsdóttir (varamaður)

Félag leiðsögumanna:

Birna G. Bjarnleifsdóttir
Friðrik Haraldsson (varamaður)

Félag sérleyfishafa:

Ágúst Hafberg
Gunnar Sveinsson (varamaður)

Ferðafélag Íslands:

Lárus Ottesen
Sveinn P. Jakobsson (varamaður)

Flugleiðir h.f.:

Pétur J. Eiríksson
Einar Gústavsson (varamaður)

Náttúruverndarráð:

Þóroddur Þóroddsson
Ingvi Þorsteinsson (varamaður)

Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason
Áslaug Alfreðsdóttir (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir h.f.:

Magnús Oddsson
Halldór Sigurðsson (varamaður)

Ferðapjónusta bænda:

Paul Richardsson
Kristleifur Þorsteinsson (varamaður)

Reykjavíkurborg:

Július Hafstein
Ómar Einarsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Vesturlands:

Sigurður Skúli Bárðarson
Jóhannes Ellertsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Arnór Jónatansson
Auðunn Karlsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og eystra:

Auður Gunnarsdóttir
Guðmundur Sigurðsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Austurlands:

Rúnar Pálsson
Reynir Adolfsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurlands:

Bragi Einarsson
Jón Óskarsson (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurnesja:

Pétur Jóhannsson
Axel Jónsson (varamaður)

Á fyrsta fundi Ferðamálaráðs þess sem nú situr, þann 21. nóvember 1985, var gengið frá skipan í stjórn og nefndir sem hér segir:

Framkvæmdastjórn:

Kjartan Lárusson, formaður
Pétur J. Eiríksson, Flugleiðir hf.
Böðvar Valgeirsson, Félag íslenskra ferðaskrifstofa
Bjarni I. Árnason, Samband veitinga- og gistihúsa
Magnús Oddsson, önnur flugfélög

Til vara:

Július Hafstein, Reykjavíkurborg

Ferðamálaráð hélt 4 fundi á árinu 1988 og stjórnarfundir voru 26.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Kostnaður við rekstur Ferðamálaráðs á árinu varð kr. 36.986.469.

Þessi upphæð skiptist þannig á helstu verkefni ráðsins:

	Kr.
Laun og almennur rekstur skrifstofu í Reykjavík	9.493.363
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (56%)	6.223.121
Rekstur skrifstofu í New York	4.241.227
Önnur landkynning	7.032.416
Umhverfismál	714.662
Rekstur upplýsingamiðstöðvar (50%)	6.734.200
Önnur starfssemi	2.547.480

Árið 1987 var rekstrarkostnaður kr. 22.664.880. Skil á lögbundnum tekjum Ferðamálaráðs frá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli jukust úr 15 milljónum 1987 í 28 milljónir og vænkaðist því fjárhagurinn nokkuð þótt verðbólgan hafi gleypst stóran hluta mismunarins. Samkvæmt lögum um ferðamál hefði þessi upphæð átt að vera u.þ.b. 100 milljónir á árinu 1988 og ennþá einu sinni lýsir undirritaður undrun sinni yfir því að þessi blómlega atvinnugrein skuli vera svona grátt leikin af hæstvirtum alþingismönnum þjóðarinnar.

FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA


Á árinu 1988 heimsóttu 128.833 erlendir ferðamenn landið, auk þeirra 9.129 sem komu með skemmtiferðaskipum. Heildarfjöldinn jókst því um 957 einstaklinga miðað við árið 1987. Aukningin á síðustu 5 árum nemur 46%. Umtalsverð aukning varð á fjölda ferðamanna frá meginlandi Evrópu, sérstaklega frá Þýskalandi, Frakklandi og Sviss, en mikil fækkun frá Bandaríkjunum. Orsakir þess að færri Bandaríkjamenn sóttu Ísland heim eru mikill samdráttur í flugi milli Bandaríkjanna og Íslands, sem einnig hafði í för með sér fækkun svonefndra viðvalarfarþega, óhagstæð gengisskráning, mikil verðbólga og stórhækkað verð á Íslandsferðum.

Skipting ferðamanna eftir þjóðerni var sem hér segir:


	1988	1987	Breyting %
Bandaríki Norður-Ameríku	28.724	35.669	-19.5
Önnur lönd í Ameríku	1.701	1.589	7.0
Danmörk	16.398	16.191	1.3
Svíþjóð	17.322	15.614	10.9
Noregur	9.767	10.165	-3.9
Finnland	3.676	3.103	18.5
Stóra-Bretland	10.525	10.579	-0.5
Írland	425	325	30.8
Vestur-Þýskaland	15.894	14.011	13.4
Frakkland	6.141	5.311	15.6
Belgía	742	841	-11.8
Holland	2.832	2.419	17.1
Luxemborg	353	383	-7.8
Austurríki	2.142	2.359	-9.2
Sviss	3.817	2.993	27.5
Ítalía	2.801	2.699	3.8
Japan	993	1000	0.7
Önnur Asíulönd og Afríka	1.065	1.280	-16.8
Ástralía - Nýja-Sjáland	707	624	13.3
Aðrir	2.808	2.160	23.0
Samtals	128.833	129.315	-0.4

Auk ofangreindra erlendra gesta komu 9.129 farþegar með 24 skemmtiferðaskipum til landsins.


Línurit 1. Ferðamenn til og frá landinu 1966 til 1988.




Línurit 2. Fjöldi ferðamanna frá nokkrum löndum árin 1970–1988



Línurit 3. Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum 1988



Tafla 4. Erlendir farþegar til landsins 1985–1988 eftir ríkisfangi



**Gjaldeyriskaup bankanna vegna
erlendra ferðamanna voru,
sem hér segir, skipt
á gjaldmiðla**

	Í millj. kr.
Í bandaríkjadollurum	1926
Í sterlingspundum	512
Í kanadadollurum	17
Í dönskum krónum	443
Í norskum krónum	158
Í sænskum krónum	274
Í finnskum mörkum	30
Í frönskum frönkum	136
Í belgískum frönkum	36
Í svissneskum frönkum	93
Í hollenskum gyllinum	70
Í vestur-pýskum mörkum	755
Í ítölskum lírum	19
Í austurr. schillingum	21
Í portúgölskum escudos	1
Í spænskum pesetum	32
Í írskum pundum	2
Í japönskum yenum	103
Í öðrum myntum	0
Samtals	4628

Auk framangreindra gjaldeyriskaupa bankanna vegna erlendra ferðamanna námu kaup erlendra ferðamanna á íslenskum peningaseðlum erlendis 52 m.kr. á árinu 1988 og námu því heildartekjur vegna útgjalda erlendra ferðamanna hér á landi 4.680. m.kr. á árinu 1988 á móti 3.796 m.kr. 1987 reiknað á gengi ársins 1988.

Tekjur íslenskra flugfélga af fargjöldum erlendra ferðamanna milli Íslands og umheimsins hafa verið lauslega áætlaðar 2.690 m.kr. á árinu 1988 á móti 2.347 m.kr. á árinu 1987 umreiknað til 1988 gengis.

Á árinu 1988 nam gjaldeyrissala bankanna til almennra ferðalaga og verslunar- og viðskiptaferða 8.594 m.kr. samanborið við 8.246 m.kr. á árinu 1987 reiknað á 1988 gengi. Auk þess nam sala á íslenskum peningaseðlum erlendis 5 m.kr. á árinu 1988 á móti 6 m.kr. árið áður.

Sundurliðun á gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar eftir gjaldmiðlum á árinu 1988 er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

**Gjaldeyrissala bankanna vegna
ferðakostnaðar 1988 skipt
á gjaldmiðla**

	Í millj. kr.
Í bandaríkjadollurum	3895
Í sterlingspundum	1259
Í kanadadollurum	17
Í dönskum krónum	529
Í norskum krónum	154
Í sænskum krónum	234
Í finnskum mörkum	25
Í frönskum frönkum	94
Í belgískum frönkum	70
Í svissneskum frönkum	35
Í hollenskum gyllinum	258
Í vestur-þýskum mörkum	1114
Í ítölskum lírum	98
Í austurrískum schillingum	43
Í portúgölskum escudos	15
Í spænskum pesetum	746
Í írskum pundum	3
Í japönskum yenum	5
Í öðrum gjaldmiðlum	0
Samtals	8594

SKIPTING FERÐAGJALDEYRIS EFTIR GJALDMIDLUM

	Í milljónum króna						Hlutfallsleg skipting í %					
	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1983	1984	1985	1986	1987	1988
1. GJALDEYRISKAUP:												
Bandaríkjadóllar	365	588	943	1057	1413	1926	53.5	53.5	53.5	43.3	42.5	41.2
Sterlingspund	69	104	169	271	331	512	10.1	9.5	9.6	11.1	10.0	10.9
Kanada dóllar		10				17	0.0	0.9	0.0	0.0	0.0	0.4
Dönsk króna	35	67	126	243	389	443	5.1	6.1	7.2	10.0	11.7	9.5
Norsk króna	24	48	70	91	108	158	3.5	4.4	4.0	3.7	3.2	3.4
Sænsk króna	21	34	54	79	149	274	3.1	3.1	3.1	3.2	4.5	5.9
Finnsk mörk	3	8	8	10	23	30	0.4	0.7	0.5	0.4	0.7	0.6
Franskir frankar	18	37	57	77	93	136	2.6	3.4	3.2	3.2	2.8	2.9
Belg. frankar		8				36	0.0	0.7	0.0	0.0	0.0	0.8
Svissn. frankar	21	29	46	50	64	93	3.1	2.6	2.6	2.0	1.9	2.0
Hollensk gyllini	7	12	20	64	44	70	1.0	1.1	1.1	2.6	1.3	1.5
V-Þýsk mörk	95	122	204	383	568	755	13.9	11.1	11.6	15.7	17.1	16.1
Ítölsk líra	1	1	3	5	9	19	0.1	0.1	0.2	0.2	0.3	0.4
Austr. schillingar		8				21	0.0	0.7	0.0	0.0	0.0	0.4
Portug. escudos						1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Spænskir pesetar	2	8	8	13	22	32	0.3	0.7	0.5	0.5	0.7	0.7
Japönsk yen	0	0	0	0	0	103	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	2.2
Aðrir	21	16	53	99	111	54	3.1	1.5	3.0	4.1	3.3	1.2
Samtals	682	1100	1761	2442	3324	4680	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Fjöldi erlendra ferðamanna	77.6	85.2	97.4	113.5	129.3	128.8						
2. GJALDEYRISALA:												
Bandaríkjadóllar	463	1053	1605	2222	3692	3895	38.0	48.6	50.3	49.5	51.1	45.3
Sterlingspund	183	279	409	499	764	1259	15.0	12.9	12.8	11.1	10.6	14.6
Kanada dóllar		5				17	0.0	0.2	0.0	0.0	0.0	0.2
Dönsk króna	140	179	270	360	534	529	11.5	8.3	8.5	8.0	7.4	6.2
Norsk króna	31	42	59	79	119	154	2.5	1.9	1.8	1.8	1.6	1.8
Sænsk króna	42	59	78	102	154	234	3.4	2.7	2.4	2.3	2.1	2.7
Finnsk mörk	3	6	7	12	15	25	0.2	0.3	0.2	0.3	0.2	0.3
Franskir frankar	15	26	45	58	80	94	1.2	1.2	1.4	1.3	1.1	1.1
Belg. frankar		12				70	0.0	0.6	0.0	0.0	0.0	0.8
Svissn. frankar	5	7	11	20	24	35	0.4	0.3	0.3	0.4	0.3	0.4
Hollensk gyllini	29	58	76	111	186	258	2.4	2.7	2.4	2.5	2.6	3.0
V-Þýsk mörk	180	267	361	582	911	1114	14.8	12.3	11.3	13.0	12.6	13.0
Ítölsk líra	15	17	34	76	87	98	1.2	0.8	1.1	1.7	1.2	1.1
Austr. schillingar		11				43	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.5
Portug. escudos		4				15	0.0	0.2	0.0	0.0	0.0	0.2
Spænskir pesetar	94	139	179	289	531	746	7.7	6.4	5.6	6.4	7.3	8.7
Japönsk yen	0	0	0	0	0	5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.1
Aðrir	18	4	58	76	129	8	1.5	0.2	1.8	1.7	1.8	0.1
Samtals	1218	2168	3192	4486	7226	8599	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Fjöldi Íslendinga frá útlöndum (þús.)	79.7	89.8	95.7	111.6	142.3	149.2						
Gengi SDR = krónur	26.6	32.38	42.18	48.18	49.92	57.78						

Framangreindar upplýsingar eru fengnar hjá Ólafi Tómassyni fulltrúa hjá Seðlabanka Íslands og eru honum færðar þakkir fyrir hjálpsemi hans og velvild.

Tölurnar sýna að tekjur þjóðarbúsins af þjónustu við erlenda ferðamenn hafa numið 7.370 milljónum króna, en við þá upphæð má bæta svonefndum „dulðum tekjum“ ferðaþjónustunnar, þannig að heildartekjurnar hafa verið u.þ.b. 8000 milljónir króna. Aukningin nemur 20.5% miðað við árið 1987, umreiknað til 1988 gengis. Með tilliti til þess að fjöldi ferðamanna til Íslands var óbreyttur þessi tvö ár er hér um mjög athyglisverðan árangur að ræða. Ennþá eyðum við Íslendingar þó 600 milljónum króna hærri upphæð til ferðalaga erlendis. Vissulega væri æskilegt að gjaldeyrstekjur okkar af þjónustu við erlenda ferðamenn stæðu undir ferðakostnaði okkar til annarra landa. Í því sambandi þarf þó að hafa tvennt í huga. Annars vegar að Íslendingar dvelja sennilega, að meðaltali, helmingi fleiri daga erlendis en útlendingar hér á landi og hins vegar, óeðlilega mikil vörukaup Íslendinga erlendis, miðað við það sem tíðkast meðal annarra þjóða. Samanburður á þessum ferðareikningi er því óraunhæfur.

Því miður liggja engar tölur fyrir um eyðslu íslendinga á ferðalögum um Ísland. Ég áætla að sú upphæð hafi verið 3.000 milljónir á árinu 1988, þannig að heildarvelta íslenskrar ferðaþjónustu hafi verið 1.100 milljónir króna.

Það er fróðlegt og nauðsynlegt að bera gjaldeyrstekjur ferðaþjónustunnar saman við heildarverðmæti útflutnings landsmanna annars vegar og sjávarafurða eingöngu hins vegar. Þá kemur eftirfarandi í ljós:

13.3% AF ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI
18.3% AF VERÐMÆTI ÚTFLUTTRA SJÁVARAFURÐA

FERÐASÝNINGAR ERLENDIS

Ferðamálaráð tók þátt í 14 ferðasýningum í Evrópu og 21 í Bandaríkjunum á árinu. Í Evrópu er um að ræða náið samstarf við íslensku flugfélögin, auk þess sem öðrum aðilum í ferðaþjónustunni er boðin þátttaka gegn vægu gjaldi, en í Bandaríkjunum er þátttakan í samvinnu við hin norðurlöndin. Þessa starfsemi þyrfti að auka og bæta til þess að standast aukna samkeppni um hylli ferðamannsins.

FERÐAMÁLARÁÐSTEFNAN 1988

19. Ferðamálaráðstefnan var haldin á Akureyri dagana 3. og 4. nóvember. Fjöldi þátttakenda var 140. Ráðstefnan fór mjög vel fram og líflegar umræður urðu um þau 5 framsöguerindi sem flutt voru, svo og um önnur málefni atvinnugreinarinnar. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér frekar einstök atriði sem fram komu í máli manna, enda hefur ýtarleg fundargerð verið gefin út.

TALNING GISTINÁTTA

Gamall draumur ferðapjónustuaðila rættist um mitt ár 1984 þegar Hagstofa Íslands tók að sér talningu og flokkun gistinátta eftir kjördæmum og þjóðerni. Sökum skorts á starfsfólki hefur því miður ekki ennþá tekist að birta þessar tölur nægjanlega fljótt til þess að þær komi að umtalsverðu gagni í störfum að markaðs- og sölumálum. Þetta stendur nú til bóta og fullur vilji er hjá starfsmönnum Hagstofunnar til þess að vinna þetta verk bæði fljótt og vel framvegis. Nú liggja fyrir tölur frá júní 1984 til ársloka 1987 og er þar að finna mikið af upplýsingum, sem of langt mál yrði að birta í þessari skýrslu, en ég get ekki stillt mig um að birta hér nokkrar tölur.

FJÖLDI GISTINÁTTA

Ár	Hótel og heimili	Þar af útlendingar	Reykjavík	Þar af útlendingar
1985	449.007	250.021	254.143	177.167
1986	533.151	309.851	288.405	212.107
1987	614.723	357.185	330.897	244.931

Ár	Farfuglaheimili, sumarhús, bænda-gisting, svefn-pokapláss o.þ.h.	Tjaldsvæði	Samtals
1985	349.740	300.000	1.098.747
1986	415.141	356.100	1.304.392
1987	479.073	410.939	1.504.735

Aukning milli ára á tveimur síðustu liðunum er áætluð sú sama og hjá hótél- og gistiheimilum milli ára þ.e. 18.7% og 15.4% og ekki er greint á milli innlendra og erlendra gesta.

Í ofangreindar tölur vantar alla gistingu á einkaheimilum, veiðihúsum og e.t.v. fleira.

Við skoðun þessara og annarra talna í skýrslu Hagstofunnar kemur margt athyglisvert í ljós. Hluttur Reykjavíkur af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum er u.þ.b. 55% öll árin og hluttur útlendinga 55.7% 1985, 58.1% 1986 og 53.8% 1987 miðað við allt landið. Einnig vekur athygli að útlendingar kaupa 69.7% gistinátta á hótélum í Reykjavík árið 1985, 73.5% 1986 og 68.6% 1987.

Auk þeirra fáu dæma sem hér eru nefnd er fróðlegt að athuga þann mismun sem er á fjölda hinna ýmsu ríkisborgara eftir kjördæmum.

SKRIFSTOFUR FERÐAMÁLARÁÐS ERLENDIS:

Skrifstofur ráðsins í New York og Frankfurt héldu uppi öflugum kynningarstarfi undir ágætri stjórn Unnar Georgsson og Gunnars W. Jóhannssonar en fjárskortur háði nokkuð starfsseminni á báðum stöðum. Þessir tveir útverðir okkar í vestri og austri, hafa unnið íslenskri ferðapjónustu vel og dyggilega um langt árabíl og verða störf þeirra seint fullþökkuð.

Á árinu óskuðu Flugleiðir eftir því að skrifstofa þeirra í Luxembourg yrði útnefnd „Upplýsingaskrifstofa Ferðamálaráðs“ og var það samþykkt. Auk skrifstofunnar í Luxembourg hafa skrifstofur Flugleiða í London, París og Zürich hlotið slíka útnefningu, svo og skrifstofa Arnarflugs í Amsterdam. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og full ástæða til að halda áfram á þessari braut. Jafnframt er nauðsynlegt: að auka umsvif skrifstofanna í New York og Frankfurt, huga að þátttöku í norrænu ferðamálastofunni í Japan og opna eigin skrifstofu í Danmörku eða Svíþjóð.

LEIÐSÖGUSKÓLI FERÐAMÁLARÁÐS

Í maí 1988 útskrifuðust 24 nemendur úr Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs. Námið hófst í október 1987 og því lauk í maí 1988. Þetta var áttunda skiptið sem Leiðsöguskóli Ferðamálaráðs var starfræktur. Að jafnaði starfar hann annað hvert ár, en vegna aukins fjölda ferðamanna og aukinnar eftirspurnar eftir leiðsögumönnum var hann starfræktur þrjá vetur í röð, á árunum, 1985–1986, 1986–1987 og 1987–1988.

Alls hafa útskrifast tæplega 200 nemendur úr leiðsöguskóla Ferðamálaráðs frá því að Ferðamálaráði var falin þjálfun leiðsögumanna árið 1976.

Vorið 1988 hélt Ferðamálaráð einnig endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi leiðsögumenn skv. reglugerð um þjálfun leiðsögumanna.

UMHVERFISMÁL

Þessum þýðingamikla málaflokki á verkefnaskrá Ferðamálaráðs var lítið hægt að sinna sökum fjárskorts. Orðið fjárskortur er oft notað í þessari skýrslu til að skýra ástæður þess að ráðið hefur ekki getað sinnt nema fáum af þeim 13 verkefnum, sem því ber að vinna að samkvæmt lögum um ferðamál. Það er sennilega grunnhyggni eða leifar af gömlum ungmennafélagsanda, sem gerir það að verkum, að ég hafi aldrei getað skilið þá staðreynd, sem þó blasir við eftir 13 ára reynslu, að löggjafarþing Íslendinga samþykkti lög og alþingismenn, geti síðan kippt grundvelli þeirra og tilgangi úr sambandi með einu handtaki með því að skrúfa fyrir þær fjárveitingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að framkvæma ótvíræð ákvæði laganna. Þetta ótrúlega skilningsleysi á nauðsyn þess að byggja upp hagkvæma og arðbæra ferðaþjónustu á Íslandi hefur meðal annars haft í för með sér, að nokkrir fjölsóttir ferðamannastaðir eru nú það illa farnir að ekkert nema stóratök getur komið í veg fyrir að takmarka þurfi fjölda gesta hverju sinni eða loka þeim alveg um stundarsakir. Svæðið umhverfis Gullfoss er gott dæmi um það ástand sem hér um ræðir. Allt frá því að Ferðamálaráð var stofnað árið 1964 hefur á hverju ári verið fundað fram og aftur um á hvern hátt skuli staðið að verndun umhverfis við Gullfoss og uppbyggingu á nauðsynlegri aðstöðu fyrir töluvert á annað hundrað þúsund innlenda og erlenda ferðamenn, sem þangað leggja leið sína árlega, en þetta svæði, ásamt Geysissvæðinu og Þingvöllum, mun vera fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi. Á meðan á þessum endalausum fundahöldum hefur staðið og engan árangur borið, heldur svæðið áfram að eyðileggjast og ekki er sjáanlegt að móðir náttúra taki hið minnsta tillit til seinangangs mannskepnunnar við ákvörðunartöku varðandi umbætur og verndun svæðisins. Niðurstaða allra þeirra funda, sem undirritaður hefur tekið þátt í varðandi Gullfoss og nágrenni, er á einn veg: „Engir fjármunir eru fyrir hendi til að bjarga svæðinu frá eyðileggingu.“ Öll meðferð þessa máls, og margra annarra á sviði umhverfismála, minnir á söguna um þá sem borðuðu útsæðið í stað þess að sá því og hvernig landsmenn um langt árabil virtust stefna markvisst að því að eyða helstu fiskistofnunum með ofveiði.

Mörg fleiri dæmi mætti nefna um það ófremdarástand, sem ríkir á öðrum fjölförnum ferðamannastöðum, bæði í byggð og á hálendinu, en ég læt dæmið um Gullfoss nægja að þessu sinni. Sé það ætlan okkar í alvöru að halda áfram að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnugrein á Íslandi verður ekki lengur undan því skorast að mæta sjálfsögðum kröfum ferðamanna um hreinlætisaðstöðu og umhverfisvernd.

LOKAORÐ

Margt mætti tína til, umfram það sem drepið hefur verið á hér að framan, um þau verkefni sem Ferðamálaráð glímdi við á árinu 1988. Flest þeirra hafa verið á dagskrá undanfarin ár og verið tíunduð í fyrri ársskýrslum, svo sem þátttaka í alþjóðlegu samstarfi innan vébanda Nordisk Turistråd, European Travel Commission og Vest Norden, móttaka erlendra blaðamanna og starfsfólks ferðaskrifstofa, fyrirlestrahald og ráðgjöf. Þessi störf og fleiri voru með hefðbundnum hætti og sé ég því ekki ástæðu til að fjalla frekar um þau að þessu sinni.

Því miður blæs ekki byrlega um þessar mundir fyrir útflutningsgreinar okkar Íslendinga og einungis ferðapjónusta virðist rekin án beinna eða óbeinna ríkisstyrkja. Þessi unga atvinnugrein er þó skattlögð langt umfram aðra sambærilega atvinnuvegi landsmanna. Ef til vill er þarna að finna skýringuna á að ítrekuðum kröfum um að staðið sé að fullu við ákvæði laga um skil á eigin skattlagningu ferðapjónustunnar þ.e. svokölluðum „Fríhafnarpeningum“, er ekki sinnt. Í þessu tilliti er grátkór ferðapjónustunnar sennilega ekki nægilega öflugur eða vel æfður.

Matthías Á. Matthiesen lét af störfum sem ráðherra samgöngumála síðari hluta ársins og við myndun nýrrar ríkisstjórnar tók Steingrímur J. Sigfússon við því þýðingarmikla starfi. Um leið og ég þakka Matthíasi fyrir gott starf í þágu íslenskra ferðamála vil ég bjóða Steingrím velkominn í þetta starf og lýsa vilja íslenskra ferðapjónustuaðila til að samstarf þeirra og ráðuneytisins megi verða atvinnugreininni til sem mestra hagsbóta.

Stjórnarmönnum og öðrum fulltrúum í Ferðamálaráði, svo og starfsfólki Samgönguráðuneytisins, þakka ég gott og ánægjulegt samstarf á árinu 1988.

Birgir Þorgilsson
ferðamálastjóri.